

Samkeppni stórveldanna og erfið staða Evrópu

Í heimsmálunum ræddi Pétur Gunnlaugsson á Útvarpi Sögu við Hilmar Þór Hilmarsson prófessor við Háskólann á Akureyri. Hilmar og Pétur komu víða við og ræddu meðal annars um óvissuna í heiminum, stríðið í Úkraínu, samkeppni vesturlanda og BRICS landanna, stækkun ESB og NATO og erfiða stöðu Evrópu.


Óvissan í heiminum er nú mikil. Í stað samvinnu milli stórveldanna með auknum viðskiptum og uppbyggingu, sem allur heimurinn gæti hagnast á eru nú átök milli sem leiða til einangrunar og eyðileggingar. Stríðsátök fara nú fram ásamt viðskiptaþvingunum þar sem stórveldin reyna að lama hvort annað.

Stríð er nú í Evrópu, átök í Mið-Austurlöndum og spenna í Austur Asíu sem getur hæglega leitt stríðs sem er miklu stærra í sniðum en áður hefur sést, t.d. vegna Suður Kínahafs, Taívan, en einnig milli Suður- og Norður Kóreu þar sem nú fara fram heræfingar.

Eftir seinni heimstyrjöldina kom kalt stríð og heimurinn varð „bipolar“ með tvö stórveldi, Bandaríkin og Sovétríkin. Árið 1991 féllu Sovétríkin og eftir varð eitt stórveldi Bandaríkin. Heimurinn varð „unipolar“. Árið 2016/2017 breyttist þetta og heimurinn varð „multipolar“ með þrjú stórveldi Bandaríkin, Kína og Rússland.

Eins og Mynd 1 sýnir er verg landsframleiðsla á jafnvirðisgengi (e. purchasing power parity) miklu hærri í Bandaríkjunum og Kína, en í Rússlandi. Sé landfræðileg stærð Rússlands, náttúuauðlindir og kjarnorkuvopnaeign hinsvegar tekin inni dæmið myndu aðrir segja að Rússland flokkist líka sem stórveldi, þó Rússland sé veikara efnahagslega en hin stórveldin tvö. Mynd 1 sýnir líka að verg landsframleiðsla á jafnvirðisgengi var árið 2016 orðin jafn há í Kína og í Bandaríkjunum. Eftir það varð Kínverska hagkerfið stærra því Bandaríska. Bandaríska hagkerfið er aftur á móti stærra sé verg landsframleiðsla mæld á núgildandi verðlagi (e. current prices) (sjá Töflu 1).

Mynd 1. Verg landsframleiðsla á jafnvirðisgengi (PPP) í milljörðum Bandaríkjadala. Kína, Rússland og Bandaríkin 1991 til 2021.



Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Fyrir Úkraínustríðið spáðu því margir að Bandaríkin myndu í auknum mæli færa heraflo sínn frá Evrópu til Austur Asíu (e. pivot to East Asia) vegna uppgangs Kína. Úkraínustríðið hefur tafið þessa þróun, en án efa er Kína nú skæðasti keppinautur Bandaríkjanna. Kína gæti á næstum árum reynt að ná auknum yfirráðum í Asíu og svo í ördum heimsálfum í framhaldinu. Áhrif Kína utan Asíu fara vaxandi, ekki bara í Afríku og Mið-Austurlöndum heldur Suður-Ameríku þar sem Bandaríkin hafa viljað vera ráðandi, en hafa misst áhrif undanfarið t.d. vegna kostnaðarsamra styrjalda í Írak, Afganistan og nú í Úkraínu.

Í framtíðinni munu Bandaríkin líklega leggja mesta áherslu á þrjú svæði í heiminum: (i) Austur Asíu vegna Kína, (ii) Persaflóann vegna olíu (þar verður hörð samkeppni við Kína) og svo (iii) Evrópu sem mun hafa lægri forfang en nú. Norðurslóðir gætu líka bæst í hópinn vegna auðlinda sem eru að verða aðgengilegar vegna hlýnunar og siglingaleiða sem eru að opnast.

Strax eftir Úkraínustríðinu líkur gætu Bandaríkin viljað láta Evrópu sjá um sig sjálfa í öryggismálum og vera til frekar til þautarvara (e. of last resort), en vera leiðandi í stríðsátökum eins og í Úkraínu. Verði Donald Trump forseti Bandaríkjanna í janúar 2025 mun áhugi Bandaríkjanna á NATO væntanlega minnka enda hefur hann talað um NATO sem úrelta stofnun. Því hefur verið haldið fram að Trump hafi árið 2020 sagt forseta framkvæmdastjórnar ESB að Bandaríkin myndu ekki koma Evrópu til hjálpar yrði ráðist á álfuna og að NATO væri dauð stofnun.

Stríðið í Úkraínu

Ekki sér fyrir endann á stríðiðinu í Úkraínu hófst 24. febrúar 2022. Átta árum áður hafði Krímskaginn innlimaður inni Rússland. Erfitt verður að semja um stríðslok meðal annars af þremur ástæðum. Í fyrsta lagi hefur Rússland tekið töluvert land af Úkraínu (um 20 prósent af landinu) sem stjórnvöld í Rússlandi vilja ekki skila á meðan Úkraínnumenn vilja allt sitt land til baka. Í öðru lagi vill Rússland að Úkraína verði hlutlaust ríki, en Úkraína vill verða aðildarríki bæði í NATO og ESB. Í þriðja lagi vill Úkraína stríðsskaðabætur sem Rússland vill ekki inna af hendi. Það er engin lausn í sjónmáli varðandi þessi þrjú ágreiningsmál. Stríðið heldur því áfram.

George W. Bush þáverandi forseti Bandaríkjanna stóð fyrir því á leiðtogafundi NATO Búkarest í Apríl 2008 að ályktað var að Úkraína skyldi ganga í NATO. Kanslari Þýskalands, Angela Merkel, og forseti Frakklands, Nicolas Sarkozy, sem voru á þessum fundi voru bæði andvík þessum fyrirætlunum, því þau óttuðust viðbrögð Rússa. Það lá því fyrir á þessum fundi að Úkraína fengi ekki aðild þar sem öll aðildarríki þurfa að vera sammála komi til stækkunar NATO.

Nú 16 árum síðan er Úkraína enn ekki komin í NATO, en stríð hefur nú staðið yfir innan landamæra Úkraínu í meira en tvö ár með skelfilegri eyðilegginu og manntjóni og engan endi sér á. Þess má svo líka geta að árið 1994 lét Úkraína af hendi öll sín kjarnorkuvopn til Rússlands undir þrúningi frá Bandaríkjunum og Bretlandi. Bill Clinton hefur nú opinberlega viðurkennt að þetta hafi verið mistök.

Úkraína er stórt land, yfir 600 þúsund ferkílómetrar, sem á um 2000 kílómetra löng austurlandsmæri að Rússlandi og hafði fyrir stríð mikinn aðgang að Svarta hafinu. Auk þess er landið auðlindaríkt. Vegna legu sinnar er landið mikilvægt fyrir öryggi Rússlands, kannski álíka mikilvægt fyrri Rússland og Kanada eða Mexíkó er í tilviki Bandaríkjanna. Kanada og Mexíkó eiga löng norður og suður landamæri við Bandaríkin.

Rússnesk yfirvöld hafa alltaf andmælt fyrirætlunum um að Úkraína fari í NATO, en viljað þess í stað Úkraínu sem hlutlaust ríki. Í austur hluta Úkraínu er mikill fjöldi rússneskumælandi íbúa sem skapaði eldfimt ástand innanlands. Rússland hefur nú innlimað talsverðan hluta þessa svæðis eða um 20% af landinu öllu. Auðveldara er að innlima þessa svæði en vesturhluta Úkraínu þar sem Úkraínnumenn eru í meirihluta.

Margir eru samt þeirrar skoðunar á vesturlöndum að Úkraína, sem sjálfstætt ríki, eigi rétt á því að ákveða sjálf á lýðræðislegan hátt hvernig landi tengist alþjóðasamfélaginu og stofnunum þess, t.d. NATO og ESB. En það breytir ekki því að það er vandasamt að lifa í nágrenni við stærra land og Úkraína hefur fengið að finna fyrir því.

Nýlega viðraði forseti Frakklands, Emmanuel Macron, þá hugmynd að senda hermenn inni Úkraínu. Þetta vakti mikla athygli enda er Frakkland eitt af stofnríkjum NATO. Sumir leiðtogar NATO ríkja t.d. Olaf Scholz, Kanslari Þýskalands hefur hinsvegar útilokað senda hermenn inni Úkraínu væntanlega af ótta við stigmögnum stríðsins og hugsanlega heimstyrjöld. Forsætisráðherra Eistlands hefur hinsvegar vill ekki útiloka neitt í þessum efnum.

Undanfarið hefur hallað undan fæti fyrir Úkraínu í stríðinu við Rússland. Volodymyr Zelensky forseti Úkraínu er sagður hafa sagt öldungadeild Bandaríkjanna í heimsókn sinni til Washington DC í September 2023, að ef Úkraína fái ekki frekari aðstoð frá Bandaríkjunum (um 60 milljarða Bandaríkjadala) muni Úkraína tapa stríðinu við Rússland. Þetta hefur verið staðfest að leiðtoga meirihlutans í öldungadeildinni Chuck Schumer.

Zelensky hefur auk þess varað við að „milljónir muni deyja“ án aðstoðar Bandaríkjanna. Það vekur þó athygli að hann telur að dauðsföll úkraínskra hermanna frá því að stríðið hófst sé um 31.000 sem þykir lág tala og ótrúverðug.

Vesturlönd og svokölluð „rules-based international order.“

Vegna uppgangs Kína og svo vegna stríðsins í Úkraínu hafa Vesturlönd lagt áherslu á að öll lönd í heiminum fylgi svokallaðri „rules-based international order“ með sameiginlegum stofnunum sem útkljá deiluefni milli þjóða.

Flest lönd í heiminum eru aðilar að stofnunum sem Bandaríkin höfðu forystu í að setja á fót eftir Bretton Woods fundin 1944. Þetta voru Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. Sameinuðu þjóðirnar voru svo settar á fót 1945 og skömmu seinna 1947 var GATT samkomulagið undirritað, sem varð svo grundvöllur að stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar 1995.

Það var táknað að bæði Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum voru reistar höfuðstöðvar í Washington D.C., höfuðborg Bandaríkjanna. Tekist á var um þetta á Bretton Woods fundinum 1944, en vegna sterkrar stöðu sinnar höfðu Bandarísk stjórnvöld sitt í gegn. Höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna risu svo líka í Bandaríkjunum, en að þessu sinni í New York.

Kalt stríð hófst svo í kjölfarið og Sovétríkin settu á fót sínar eigin stofnanir, en þegar Sovétríkin féllu urðu aðildarríki þeirra og fyrrum leppríki aðilar að þessum stofnunum sem Bandaríkin mótuðu að mestu.

Stórveldasamkeppnin - G7 löndin og BRICS hópurinn

Stríðsátökin í Úkraínu hafa ýtt Kína og Rússlandi saman í bandalag gegn vesturlöndum. BRICS hópurinn sem leiddur er af Kína er að stækka. Segja má að BRICS hópurinn sé ákveðið mótvægi við G7 hópin sem leiddur er af Bandaríkjunum. Í upprunalegu BRICS löndunum fimm, Brasilíu, Rússlandi, Indlandi, Kína og Suður Afríku búa nú yfir 3 milljarðar manna, en tæplega 800 milljónir í G7 löndunum (sjá Töflu 1). Með öðrum orðum um 10 prósent mannkynsins býr í G7 löndunum en um 40 prósent í BRICS löndunum. Þessi munur jókst enn meira við inngöngu 5 nýrra aðildarríkja í BRICS í upphafi ársins 2024 (sjá Töflu 2).

Á jafnvirðisgengi eru hagkerfi BRICS landanna stærri en G7 landanna (sjá Töflu 1). Þetta hefur leitt til harðnandi samkeppni og aukinnar spennu milli þessara hópa.

Tafla 1. Verg landsframleiðsla og fólksfjöldi G7 landanna vs. BRICS landanna.

| G7 lönd | Verg landsframleiðsla á núgildandi verðlagi (current prices) Milljarðar US\$ Árið 2022 | Verg landsframleiðsla á jafnvirðisgengi (PPP) Milljarðar US\$ Árið 2022 | Fólksfjöldi Milljónir Árið 2022 |
|------------------|--|---|---------------------------------|
| Bandaríkin | 25.464,475 | 25.464,475 | 333,530 |
| Bretland | 3.070,600 | 3.714,638 | 67,791 |
| Frakkland | 2.784,020 | 3.704,207 | 65,647 |
| Ítalía | 2.012,013 | 3.057,970 | 58,980 |
| Japan | 4.233,538 | 6.138,905 | 125,171 |
| Kanada | 2.139,840 | 2.264,419 | 38,846 |
| Þýskaland | 4.075,395 | 5.347,362 | 83,794 |
| Samanlagt | 43.779,881 | 49.691,976 | 773,759 |

| Upprunaleg BRICS lönd fyrir stækkun 1. janúar 2024 | Verg landsframleiðsla á núgildandi verðlagi (current prices) Milljarðar US\$ Árið 2022 | Verg landsframleiðsla á jafnvirðisgengi (PPP) Milljarðar US\$ Árið 2022 | Fólksfjöldi Milljónir Árið 2022 |
|--|--|---|---------------------------------|
| Brasilía | 1.924,134 | 3.837,239 | 213,911 |
| Indland | 3.386,403 | 11.855,390 | 1.423,331 |
| Kína | 18.100,044 | 30.216,990 | 1.412,547 |
| Rússland | 2.215,294 | 4.771,269 | 143,442 |
| Suður Afríka | 405,705 | 952,598 | 60,604 |
| Samanlagt | 26.031,580 | 51.633,486 | 3.253,835 |

Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

BRICS löndin vilja fara sínar eigin leiðir og setja sínar eigin reglur ólíkar þeim sem vesturlönd fylgja. BRICS löndin hafa líka sett á fót eigin stofnanir. Dæmi um þetta er stofnun

sameiginlegs banka, Nýja Þróunarbankans (e. New Development Bank) til mótvægis við Alþjóðabankann. Þau hafa líka sett á fót varasjóð (e. Contingent Reserve Arrangement (CRA) – BRICS) til mótvægis við Alþjóðagjaldeyrissvarasjóðinn. Höfðstöðvar Nýja þróunarbankans eru í Kína.

Vesturlönd hafa beitt Rússland viðskiptaþvingunum vegna stríðsins í Úkraínu. Í framhaldinu hafa Rússar beint viðskiptum sínum í auknum mæli til Asíu. Kína og Indland græða t.d. á þessu ástandi með ódýru gasi og olíu frá Rússlandi. Bandaríkin eru tilneydd að vera í góðu sambandi við Indland þrátt fyrir þetta vegna Kína. Bandaríkin geta tæpast verið í stríði við Rússland og á sama tíma í hörðum deilum við bæði Indland og Kína. Sala á olíu frá Rússlandi til Indlands hefur margfaldast frá því innrásin í Úkraínu hóst og vesturlönd settu viðskiptabann á Rússland.

Baráttan um siglingaleiðir og auðlindir

Bandaríkin stofna nú bandalög vegna uppgagns Kína, t.d. AUKUS sem samanstendur a Ástralíu, Bretlandi og Bandaríkjunum og Quad sem er bandalag Bandaríkjanna, Ástralíu, Indlands og Japan. Þessi bandalög eiga meðal annars að tryggja siglingaleiðir, en segja má að fjarlægð milli þessara bandalagsríkja geti torvelað samstarf þeirra. Stækkun NATO til austurs á að halda áfram og löndum eins og Japan, Suður-Kóreu og Ástralíu er boðið á NATO fundi. NATO ákvað líka að opna skrifstofu í Japan. Bandaríkin hafa líka sýnt öðrum löndum Austur Asíu meiri áhuga samanber heimsókn Biden til Víetnam eftir G20 fundinn í Indlandi í september 2023. Víetnam hefur hinsvegar þá opinberu stefnu að vera ekki aðili að varnarbandalögum og vill ekki erlenda heri innan sinna landamæra.

Að stríði loknu í Úkraínu verður svo áfram samkeppni milli Bandaríkjanna, sem leiða NATO og G7 annarsvegar, og Kína sem leiðir BRICS hópinn hinsvegar. BRICS stækkaði í upphafi ársins 2024 þegar fimm ný aðildaríki komu í hópinn: Egyptaland, Eþíópía, Íran, Sádi-Arabía og Sameinuðu arabísku furstadæmin (sjá Töflu 2). Reiknað hafði verið með Argentínu en stjórnvöld þar hættu við.

Tafla 2. Verg landsframleiðsla og fólksfjöldi nýrra BRICS landa.

| Ný BRICS lönd frá 1. janúar 2024 | Verg landsframleiðsla á núgildandi verðlagi (current prices) Milljarðar US\$ Árið 2022 | Verg landsframleiðsla á jafnvirðisgengi (PPP) Milljarðar US\$ Árið 2022 | Fólksfjöldi Milljónir Árið 2022 |
|----------------------------------|--|---|---------------------------------|
| Egyptaland | 475,231 | 1.674,652 | 104,142 |
| Eþíópía | 120,369 | 357,509 | 104,082 |
| Íran | 352,213 | 1.596,869 | 85,690 |
| Sádi-Arabía | 1.108,149 | 2.150,474 | 34,793 |
| Sameinuðu arabísku furstadæmin | 507,535 | 828,258 | 9,892 |

Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Það verður sérstaka athygli að bæði stóru löndin sitt hvoru megin við Persaflóann, Íran og Sádi-Arabía, eru gengin í BRICS. Þetta hlýtur að valda áhyggjum í Bandaríkjunum og á

vesturlöndum vegna aðgangs að olíu og gasi. Auk þess gengu Egyptaland og Eþíópía og í BRICS. Egyptaland liggur að Rauðahafinu beint á móti Sádi-Arabíu, og Eþíópía er í nálægð við Rauðahafið, sem er gríðarlega mikilvæg siglingaleið vegna Súesskurðarins. Stækkun BRICS virðist því meðal annars tengjast baráttunni um Persaflóann og Rauðahafið. Þó BRICS sé ekki formlegt varnarbandalag styrkir stækkunin stöðu hópsins, bæði þegar kemur að aðgangi að auðlindum, og siglingaleiðum.

Átökin á Gaza svæðinu hafa síðan leitt til átaka á Rauðahafinu. Hútar í Jemen, sem styðja Hamas á Gaza svæðinu, ráðast á skip sem fara um Rauðahafið, sem þeir telja tengjast Ísrael eða bandamönnum Ísrael. Íran styður svo Húta. Til átaka hefur komið milli Húta annarsvegar, og Bandaríkjanna og Bretlands hinsvegar. Það er hætta á að átökin á þessu svæði muni breiðist enn frekar út.

BRICS löndin hafa verið sammála um að beita Rússland ekki viðskiptaþvingunum. Þau vilja diplómátíska lausn á Úkraínu stríðinu, ekki hernaðarlausn og þau vilja aðrar leikreglur í heiminum en svokallaða „international rule based order“ sem vesturlönd sömdu og fylgja.

Þessi þróun verður ekki stöðvuð, en spurningin er hvort aukin samkeppni stórveldanna muni leiða til vaxandi átaka í heiminum. Flest bendir til að svo muni verða, nema ef þjóðir með ólíka sögu, viðhorf og siði læri að lifa saman friðsamlega, sýna umburðarlyndi, og án þess að reyna að knýja fram breytingar hjá hvort öðru með því að beita hervaldi. Sagan sýnir okkur að stríðsrekstur skilar takmörkuðum árangri í alþjóðasamskiptum, og það á líka oft við um sterkara landið sem í hlut á.

Stækkun ESB og NATO, og Bandaríkin.

NATO hefur stækkað um 15 lönd frá því að Sovétríkin féllu og ESB um 13 lönd sjá Töflur 3 og 4. Þessu var ætlað að tryggja frið í álfunni. Kenningin er sú að (i) lýðræðisríki fari ekki í stríð hvort við annað, (ii) að lönd sem starfi saman í alþjóðastofnunum muni leysa sín ágreiningsmál á fjölþjóðlegum vettvangi og loks (iii) að ef lönd eru háð hvort öðru t.d. á sameinlegum markaði ESB, og jafnvel enn frekar með sameiginlegan gjaldmiðil, fari ekki í stríð hvort við annað. Þegar lönd eins og Þýskaland og Frakkland, sem tókust á í tveimur heimsstyrjöldum, eru komin með sama gjaldmiðilinn sé nánast óhugsandi að þau fari í átök hvort við annað, því slík átök myndu eyðileggja hagkerfi beggja landanna.

Tafla 3. ESB ríkin eru nú 27.

13 lönd bæst við ESB síðan Sovétríkin féllu 1991 og 9 lönd til viðbótar eru nú umsóknarríki (e. candidate countries).

2004 *Eistland, Lettland, Litáen, Kýpur, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland*

2007 *Búlgaría og Rúmenía*

2013 *Króatía*

Núverandi umsóknarríki: *Albanía, Bosnía og Hersegóvína, Georgia, Moldóva, Svartfjallaland, Norður Makedónía, Serbía, Túrkiye og Úkraína.*

Lönd sem eru líka aðilar að NATO skáletruð.

Heimild: Evrópusambandið

Tafla 4. NATO ríkin eru nú 31.

15 lönd bæst við NATO síðan Sovétríkin féllu og 4 í viðbót sækjast eftir aðild.

1999 *Pólland, Tékkland og Ungverjaland*

2004 *Búlgaría, Eistland, Lettland, Litáen, Rúmenía, Slóvakía og Slóvenía*

| |
|--|
| 2009 Albanía og <i>Króatía</i> 2017 Svartfjallaland 2020 Norður Makedónía 2023 <i>Finnland</i> |
| Lönd sem sækjast eftir aðild að NATO: Bosnía og Hersegóvína, Georgía, Svíþjóð (bætist væntanlega við sem aðildarríki síðar á árinu 2024) og Úkraína. Lönd sem eru líka aðilar að ESB skáletruð. |
| Heimild: NATO |

Blikur eru á lofti með báðar þessar stofnanir, NATO og ESB, og það getur haft afgerandi áhrif á efnahag og öryggi Evrópu. Sú fyrirætlun að Úkraína verði aðili að NATO, og tilkynnt var á leiðtogafundi NATO í Búkarest í apríl 2008, leiddi til átaka við Rússland, stærsta stríðs sem geysað hefur í Evrópu frá seinni heimstyrjöldinni. Strax eftir Úkraínustríðinu líkur gætu Bandaríkin viljað láta Evrópu sjá meira um sig sjálfa í öryggismálum og vera til frekar til þautarvara (e. of last resort), en vera leiðandi í stríðsátökum Evrópu eins og í Úkraínu.

Verði Donald Trump forseti Bandaríkjanna í janúar 2025 mun áhugi Bandaríkjanna á NATO væntanlega minnka enda hefur hann talað um NATO sem úrelta stofnun. Á nýlegum kosningafundi sagði Donald Trump að Bandaríkin myndu ekki verja Evrópuríki sem ekki greiddu til NATO eins og þeim bæri (miðað hefur verið við 2 prósent af vergri landsframleiðslu fari til varnarmála) og reyndar líka að hann myndi hvetja Rússland til að ráðast á þessi NATO ríki og gera við þau það sem þeir vildu. Jens Stoltenberg framkvæmdastjóri NATO brást illa við og sagði að ummæli Trumps kunni að stofna lífi Bandaríkjanna og íbúa ESB í hættu.

Í nýlegu sjónvarpsviðtali við Vladimir Putin forseta Rússlands kom fram að hann hefði á sínum tíma falast eftir NATO aðild við Bill Clinton þáverandi Bandaríkjaforseta og að lokum fengið nei sem svar. Árið 2001 hafði Putin líka spurt George Robertson, þáverandi framkvæmdastjóra NATO hvenær hann ætlaði að bjóða Rússlandi að ganga í NATO. Hefði Rússland orðið aðili að NATO væru landamæri NATO komin að Kína. Hefði það gerst væri heimsmyndin önnur en hún er í dag og stað Evrópu ólík því sem nú er.

Samstaða NATO og ESB ríkja vegna Úkraínustríðsins er að minnka og minni vilji er til að styðja landið fjárhagslega. Það verður erfiðara með tímanum að fá hernaðar og fjárhagsaðstoð frá Bandaríkjunum. Með öðrum orðum stríðið hefur afhjúpað veikleika innan NATO og deilur milli aðildarríkja. Nýkjörinn forsætisráðherra Póllands sagi nýlega að repúblíkanar á Bandaríkjaþingi ættu að skammast sín fyrir að draga lappirnar í stuðningi sínum við Úkraínu.

Efnahagur Evrópu, Evrópusambandið og evrusvæðið

Fyrirætlanir um stækkun ESB halda áfram. Núverandi umsóknarríki (e. candidate countries) ESB eru Albanía, Bosnía og Hersegóvína, Georgia, Moldóva, Svartfjallaland, Norður Makedónía, Serbía, Túrkiye og Úkraína, eru öll frekar fátæk lönd mæld í vergri landsframleiðslu á mann og þurfa mikla aðstoð frá ESB t.d. við uppbyggingu innviða og stofnana.

Ef þessi lönd fá ESB aðild þurfa þau fyrr eða síðar að taka upp evruna. Sjö lönd sem gengið hafa í ESB og NATO eftir fall Sovétríkjanna og tekið upp evruna, sjá Töflu 5. Líkleg er að þau telji að aðild að myntbandalagi auki öryggi þeirra enn frekar. Finnland og Eystrasaltsríkin hafa tekið upp evru og eiga öll landamæri að Rússlandi.

Tafla 5. Lönd sem bæði hafa gengið í NATO og tekið upp evruna síðan Sovétríkin féllu 1991


| Land | NATO |
|-----------------|------|
| <i>Finnland</i> | 2023 |
| <i>Eistland</i> | 2004 |
| <i>Lettland</i> | 2004 |
| <i>Litáen</i> | 2004 |
| Króatía | 2009 |
| Slóvakía | 2004 |
| Slóvenía | 2004 |

Lönd með landamæri við Rússland skáletruð, Slóvakía á landamæri við Úkraínu.
Heimild:
Evrópusambandið og NATO

Stærsta hagkerfi ESB, Þýskaland, sem var í miklum viðskiptum við Rússland t.d. í kaupum gasi áður en Úkraínustríðið hófst, hefur orðið fyrir miklu áfalli efnahagslega. Maastricht samkomulagið gerir ráð fyrir að á evrusvæðinu megi halli á ríkissjóði ekki vera umfram 3% af vergri landsframleiðslu og opinberar skuldir ekki hærri en 60% af vergri landsframleiðslu. Þessar reglur voru illa rökstuddar frá hagfræðilegu sjónarmiði en þær voru kannski settar af öðrum ástæðum. Þær áttu meðal annars að koma í veg fyrir að fátækari ríki á evrusvæðinu gætu lagt kostnað á ríkari lönd í myntbandalaginu. Koma í veg fyrir að „óábyrg“ stjórn ríkisfjármála og skuldasöfnun í einu landi bitnaði á öðrum löndum á evrusvæðinu.

Þrátt fyrir reglur ESB um hámarks skuldahlutfall eru nú 12 lönd af 20 komin frammúr þessu hámarki, sjá Mynd 2. Það vekur athygli hversu illa stærstu hagkerfin á evrusvæðinu standa, sérstaklega Ítalía, en líka Frakkland. Þýskaland stendur heldur ekki vel og er ekki lengur aflögufært. Formúlan um hámarks skuldir evruríkja er í raun löngu fokin út í verður og vind. Meðal hagvöxtur á evrusvæðinu frá 1999 til 2023 var ekki nema 1,4%.


Mynd 2. Opinberar skuldir sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á evrusvæðinu árið 2023. Mörg lönd evrusvæðisins eru komin ansi langt frammúr 60% hámarki opinberra skulda af vergri landsframleiðslu. Grikkland er verst sett, en meira er áhyggjuefni að sjá hversu illa stærstu evruhagkerfin eru stödd sérstaklega Ítalía og Frakkland. Þýskaland er heldur ekki aflögufært lengur.



Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Auk þessa hafa mörg ríki evrusvæðisins átt erfitt að fylla hámarkinu á halla á ríkissjóði. 9 af 20 aðildarríkjum voru með halla á ríkissjóði, sem er 3% af vergri landsframleiðslu árið 2023, sjá Mynd 2. Árið 2020, þegar Covid-19 geysaði, fóru öll evrulöndin fram yfir þetta hámark.

Mynd 3. Halli á ríkissjóði sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á evrusvæðinu árið 2023. Á evrusvæðinu er talið æskilegt að afgangur eða jöfnuður sé á ríkisfjármálum, en hallinn á ríkissjóði á ekki að fara fram yfir 3% af vergri landsframleiðslu. 9 af 20 löndum á evrusvæðinu fóru frammúr 3% hámarkinu árið 2023. Tvö lönd voru með afgang.



Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Getur Evrópa treyst á NATO?

Nýlegar yfirlýsingar Donald Trump að hann muni ekki koma NATO ríkjum, sem ekki hafa staðið við sínar fjárskuldbindingar gagnvart NATO varðandi útgjöld til varnarmála, til hjálpar sér á þau ráðist, og jafnvel hvetja Rússa til að ráðast á þau, hljóta að vekja óhug hjá mörgum NATO ríkjum, enda gæti Trump orðið næsti forseti Bandaríkjanna.

Samt sem áður verður líka að hafa í huga að staða Bandaríkjanna í heiminum er önnur en hún var 1949 þegar NATO var stofnað. Bandaríkin voru þá um 40% af heimshagkerfinu en eru nú um 20%. Aðildarríki NATO voru 12 árið 1949 en eru nú 31. Þetta er afleiðing svokallaðs „open door policy“ NATO. Það er því stærra og dýrara verkefni fyrir Bandaríkin að vera forystu ríki í NATO, en 1949. Verði Bosnía og Hersegóvína, Georgía og Úkraína aðilar eykst enn krafa á Bandaríkin að verja þessi lönd. Seðlabankastjóri Bandaríkjanna sagði nýlega í viðtali að ríkisfjármál Bandaríkjanna séu til lengri tíma litið ósjálfbær.

Staða Bandaríkjanna í heiminum hefur breyst og það þurfa Evrópuríki að skilja. Land sem var 40% af heimshagkerfinu getur tæpast til lengdar gengt sama hlutverki og hagkerfi sem er 20% af heimshagkerfinu. Bandaríkin munu því í framtíðinni hugsanlega fyrst og fremst leggja áherslu á að verja þau svæði sem varða þeirra þjóðaröryggi. Þar vegur land eins og Úkraína varla þungt.

Flókin staða í Evrópu í hættulegri heimi stórveldasamkeppni.

Það eru líka blikur á lofti hjá ESB. Frekari stækkun ESB mun ekki aðeins leiða til aukinna útgjalda, heldur líka breyttra valdahlutfalla innan ESB. Ný aðildarríki sem koma inn eru fátækari en upprunalegu ESB ríkin. Núverandi umsóknarríki eru Albanía, Bosnía og Hersegóvína, Georgia, Moldóva, Svartfjallaland, Norður Makedónía, Serbía, Túrkiye og Úkraína. Þessi ríki, ásamt þeim aðildarríkjum sem voru annaðhvort hluti af, eða leppríki Sovétríkjanna, gætu sett vaxandi pressu á aukna styrki og ýmsar tilfærslur til sín frá ríkari ESB löndum. Þar með væri ESB orðið „transfer union“ sem t.d. Þýskaland hefur aldrei vilja ljá máls á.

Enginn veit hverskonar kreppa kemur næst né hvenær, en eitt er víst, ríkisfjármálin fara úr böndunum í mörgum löndum við breyttar aðstæður og upp safnast opinberar skuldir sem eru nú orðnar mjög háar hjá mörgum aðildarríkjum evrusvæðisins og geta ógnað stöðugleika á öllu evrusvæðinu. Núverandi stríðsrekstur í Evrópu setu líka strik í reikninginn með vaxandi ríkisútgjöldum m.a. vegna hernaðaruppbyggingar.

Það er ljóst að Evrópa á við vanda að stríða næstu árin. Úkraínustríðið getur dregist á langinn og stuðningur Bandaríkjanna minnkað. Á sama tíma á ESB og evrusvæðið við efnahagsvanda að stríða. Það er ekki mikið pláss fyrir aukin hernaðarútgjöld.

Evrópa er eina stórveldið sem er háð öðru stórveldi, Bandaríkjunum, í öryggismálum, og Bandaríkin þurfa nú í vaxandi mæli að huga af öðrum heimshlutum, sérstaklega Austur Asíu. Þau kerfi sem vestræn lönd komu sér upp með NATO, ESB og svo evrusvæðinu hafa ekki reynst vera sú töfra formúla sem vonast var til að myndi tryggir frið og velsæld í Evrópu. Það eru óvissutímar framundan. Líklegt er að staðan versni enn áður en hún lagast aftur. Heimur þriggja stórvelda sem keppa um völd og áhrif er mun hættulegri en heimurinn var þegar Bandaríkin voru eina stórveldið eftir fall Sovétríkjanna. Heimurinn í dag er líka hættulegri en þegar stórveldin voru tvö, Bandaríkin og Sovétríkin. Í dag er hættan á beinum átökum milli Bandaríkjanna og Kína mesta hættan og slíkt stríð yrði stærra í sniðum en það sem áður hefur sést með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.